

2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 200 kr. fyrir hverja lyfjaávisun. Af smásöluverði lyfsins umfram 200 kr. skulu þeir greiða 12,5%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilvikum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðmiðunarverðskrá.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um (10.) breytingu á reglugerð um sölu og meðferð
ávana- og fíkniefna nr. 16/1986.

1. gr.

Eftirfarandi efnum skal bætt við lista í fylgiskjali I með reglugerðinni eftir stafrófsröð:

Efni INN-nafn (latneskt)	Alþjóða- samningar	Inn-/útl.leyfis krafist	Óheimilt sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr. hér að framan	Undanþágur og athugasemdir
Aminorex	P IV			
Brotizolam	P IV			
Etryptamine	P I			
Mesocarb	P IV			
Methcathinone	P I			
Zipeprol	P II			

2. gr.

Efnið *Flunitrazepam* flokkast sem *P III* í stað *P IV*.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. janúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.